

Grýtubakkahreppur
Sigríður Kristjánsdóttir
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202305-198/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 og nýtt deiliskipulag - ferðaþjónustusvæði - Grenivík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grýtubakkahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 og nýju deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustusvæði á Grenivík

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði á Grenivík, en tvö svæði koma til greina; annars vegar svæðið norðan gatnamóta Lundsbrautar og Grenivíkurvegar og hins vegar svæði ofan Akurbakkavegar, gegnt gamla sláturhúsinu. Miðað er við að á svæðinu yrðu reist fimm smáhýsi auk aðstöðuhúss fyrir ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur